



# Jarðhitafélag Íslands

---

## Fundargerð 76. stjórnarfundar Jarðhitafélags Íslands miðvikudaginn 1. október 2008 kl. 9:00, í húsakynnum LV Power.

Mætt: Auður Andrésdóttir, Ásgeir Margeirsson, Bjarni Pálsson, Gústaf Adolf Skúlason, Jónas Matthíasson, Ólafur G. Flóvenz og Ragna Karlsdóttir. Þá sat fundinn Eldur Ólafsson, starfsmaður GGE.

1. Fundargerð síðasta fundar.  
Fyrirliggjandi drög samþykkt.

### 2. Vefur JHFÍ.

JM hefur gengið frá samningi við Atom01. AA hefur skoðað nýtt kerfi sem hægt er að vinna með nú þegar. Næsta skref samt að setja upp nýtt veftré og munu AA, GAS og RK hafa um það samstarf og í sitja í kjölfarið kennslustund hjá Atom01 í notkun kerfisins.

### 3. Haustþing JHFÍ.

Hætt við að stefna á 12. nóvember, miklar fjarvistir, m.a. í hópi þeirra sem leita átti til með erindisflutning. Stefnan tekin á 9. desember, kl. 13-16 eftir hádegi. RK athugar með Viðgelmi, BP og ÓGF hafa samband við fyrirlesara skv. fyrri áætlun og ÁM ræðir við umhverfisráðherra um ávarp. Rætt um að bæta við yfirlitserindi yfir helstu rannsóknir sem hér fari nú fram á sviði jarðhitanýtingar. ÓGF skoðar.

### 4. WGC 2015 – Expression of interest

Frestur til að lýsa yfir áhuga á að halda IGA-þingið rennur út 1. nóvember. Fram kom að nokkrir aðilar í íslenskum orkuiðnaði hefðu sent inn umsókn til Rannís um styrk til að mynda rannsóknarklasa á sviði jarðhita, allt að 80 m.kr. á ári til sjö ára. Í umsókninni er reiknað með að hluti þessara fjármuna verði notaður til að fjármagna WGC þingið, verði það haldið hér. Um er að ræða um 1.000 – 1.500 manna nokkurra daga ráðstefnu sem þarf að vera fjárhagslega sjálfbær. JHFÍ sendi inn tilboð til að halda þetta þing 2010 en þá varð Bali fyrir valinu. Þá voru Samorka, iðnaðarráðuneytið, Orkustofnun og Reykjavíkurborg bakhjarlar tilboðsins. Vilji stjórnar JHFÍ stendur til að senda inn íslenskt tilboð vegna þingsins 2015. Samþykkt að ÁM og GAS hitti ásamt EO íslenska fulltrúa í stjórn IGA og framkvæmdastjóra samtakanna, fari yfir undirbúningsatriði, og leggi drög að bréfi þar sem lýst verði áhuga JHFÍ á að hýsa þingið 2015. Bréfið verði lagt fyrir stjórnina á næsta fundi.

### 5. European Geothermal Congress 2011

Svo virðist sem bréf þar sem leitað er tilboða í að hýsa umrætt þing hafi verið sent öllum landsdeildum IGA. Ekki áhugi fyrir því innan JHFÍ að senda inn tilboð í þetta verkefni, að sinni. Formaður svarar erindinu.

### 6. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Næsti fundur þriðjudaginn 28. október kl. 9:00, í húsakynnum Mannvits, Grensásvegi 1. Þar verður m.a. rætt um haustþingið, vefinn og WGC 2015.

Fundi slitið kl. 09:55.

Gústaf Adolf Skúlason, fundarritari

---